



Fasteignagjöld árið 2023

Gjalddagar eru ellefu á árinu: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. September, 1. október, 1. nóvember og 1. desember.

Ef ekki er greitt fyrir eindaga, sem er í lok mánaðar, reiknast dráttarvextir.

Gjöld eru lögð á fasteignir og lóðir samkvæmt eftirfarandi álagningarreglum og stuðlum:

Gjald	Íbúðir	Aðrar eignir
Fasteignaskattur	0,55%	1,32% / 1,65%
Lóðarleiga	1,00%	3,75%
Vatnsgjald	0,38%	0,50%
Fráveitugjald	0,38%	0,40%
Sorpgjald	Sjá gjaldskrá	

Fasteignaskattur, vatnsgjald og fráveitugjald eru reiknuð út frá fasteignamati húss og fasteignamati lóðar.

Lóðarleiga er reiknuð út frá fasteignamati lóðar

Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Gjaldið er kr. 56.715 fyrir íbúðarhúsnæði og kr. 41.217 fyrir frístundahús.

Blandaður heimilisúrgangur, 240l tunna er gjaldið kr. 29.191, 360l tunna er gjaldið kr. 43.786.

Endurvinnsla, 240l tunna er gjaldið kr. 14.595 og 360l tunna er gjaldið kr. 21.893.

Lífrænn úrgangur, 120l tunna er gjaldið kr. 14.595.

Greiðsluseðlar eru ekki sendir með bréfpósti en birtast í heimabanka.

Elli- og örorkulífeyrisþegum undir tekjuviðmiðum er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi vegna íbúða þeirra til eigin nota í samræmi við reglur Vesturbyggðar um afslátt af fasteignaskatti og styrki til greiðslu fasteignaskatts félagasamtaka 2023.

Kærufrestur álagningar fasteignagjalda er til 15. mars 2023.

Fyrir frekari upplýsingar vinsamlegast hafið samband við Ráðhús Vesturbyggðar að Aðalstræti 75 á Patreksfirði í síma 450 2300 eða á netfangið

innheimta@vesturbyggd.is



REGLUR

um afslátt af fasteignaskatti og styrki til greiðslu fasteignaskatts 2023.

I. kafli

Tekjutengdur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi hjá elli- og örorkulífeyrisþegum

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Vesturbyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Vesturbyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Vesturbyggð sem búa í eigin íbúð og eru:

- 67 ára á árinu eða eldri
- hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2023
- hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði

Afslátturinn nær aðeins til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannarlega býr í.

3. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi er tekjutengdur og miðast við árstekjur 2021, sbr. Álagningu skattstjóra 2022 og tekur einungis til fasteignaskatts og fráveitugjalds.

Tekjuviðmiðun:

Einstaklingur			Hjón/sambýlingar		
Tekjur	Kr.	afsláttur	Tekjur	kr.	afsláttur
Allt að	4.582.850	100%	Allt að	6.364.105	100%
Allt að	5.780.730	70%	Allt að	8.093.480	70%

Hærrí tekjur gefa engan afslátt.

Elli- eða öryrkjalífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna á árinu 2022 og breytast fasteignagjöld ársins 2023 til samræmis við tekjuviðmið í 1. mgr.

255



4. gr.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá elli- eða öryrkjalífeyrisþega milli árána 2021 og 2022 hefur bæjarráð heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignagjalda, berist umsókn um slíkt.

5. gr.

Hámarks afsláttur til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds er kr. 124.120 á árinu 2023.

II. kafli

Niðurfelling fasteignaskatts vegna fráfalls maka

6. gr.

Við fráfall maka skal fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á, hefur lögheimili í og býr í, falla niður að fullu fyrsta árið, þó að hámarki kr. 124.120 á árinu 2023. Beiðni um niðurfellingu skal berast til Vesturbyggðar.

III. kafli

Styrkir til greiðslu fasteignaskatts félagasamtaka 2023.

7. gr.

Heimilt er að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi æskulýðs-, menningar-, björgunar- eða íþróttastarfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

8. gr.

Rétt til styrks eiga félög, félagasamtök og áhugamannafélög sem ekki eru í atvinnustarfsemi og uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) eru fasteignaeigendur í Vesturbyggð
- b) reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili Vesturbyggð
- c) starfsemin skal vera æskulýðs-, menningar-, björgunar- og íþróttastarfsemi sem rekin er í almannabágu
- d) starfsemin sé ekki rekin í ágóðaskyni

9. gr.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda eins og lóðaleigu, vatnsgjald og sorphirðu.

bss



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142


Ef hluti húsnæðis er leigt út eða notað til að afla tekna skal greiða fasteignagjöld af þeim hluta.

10. gr.

Styrkveiting skv. 8. gr. er háð því að félag, félagasamtök og áhugamannafélög skili ársreikningi vegna ársins 2021, upplýsingum um notkun og tekjur vegna leigu viðkomkandi fasteignar. Umsókn skal skila til Vesturbyggðar fyrir 1. júní 2022. Ákvörðun um veitingu styrks er tekin á grundvelli innsendra upplýsinga.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af bæjarstjórn Vesturbyggðar og voru staðfestar á 379. fundi bæjarstjórnar þann 25. janúar 2023. Á sama tíma falla úr gildi reglur á árinu 2021 um niðurfellingu fasteignagjalda ellilífeyrisþega og öryrkja og Fasteignagjöld árið 2021 – Styrkur vegna menningar-, björgunar-, eða íþróttastarfsemi frá 1. febrúar 2021.

Vesturbyggð 31. janúar 2023

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarstjóri

